

## Ég þori, get og vil. Kvennafrídagurinn 1975 (2005)

**Bókarhöfundur:** Hildur Hákonardóttir

**Bókarheiti:** Ég þori, get og vil. Kvennafrídagurinn 1975, Vilborg Harðardóttir og allar konurnar sem bjuggu hann til

**Gagnrýnandi:** Kristín Ástgeirsdóttir

**Útgáfa:** Salka 2005, 160 bls.

Í október síðast liðnum voru 30 ár liðin frá hinum heimsfræga kvennafrídegi sem haldinn var hér á landi á degi Sameinuðu þjóðanna 24. október kvennaárið 1975. Fundarins var minnst með glæsilegum baráttufundi í miðbæ Reykjavíkur nú í haust. Á þessu ári hefði baráttukonan Vilborg Harðardóttir blaðamaður og rauðsokka orðið 70 ára hefði henni enst líf og heilsa. Þetta tvennt er tengt saman í bók Hildar Hákonardóttur *Ég þori, get og vil* sem kom út dagana í kringum 24. október enda var Vilborg Harðardóttir einn frumkvöðlanna að kvennafrídeginum.

Bók Hildar er byggð upp í kringum myndasögu sem hún átti í fórum sínum og hefur ekki birst áður á prenti. Myndasagan segir frá því þegar hætta varð útgáfu dagblaðanna um skeið vegna prentaraverkfalls árið 1974. Vilborg sem þá var blaðamaður á Þjóðviljanum ákvað að drífa sig í fiskvinnu, bæði til að vinna sér inn peninga og til að kynnast kjörum verkakvenna af eigin raun. Fiskvinnan opnaði fyrir henni nýjan heim einhæfrar vinnu og slítandi bónuskerfis en um leið samstöðu og hlýju meðal verkakvennanna.

Þessi reynsla kveikti þá hugmynd hjá Vilborgu að leiða saman verkakonur og rauðsokkur til að ræða kjör verkakvenna og hvernig rauðsokkahreyfingin gæti lagt þeim lið í baráttunni fyrir bættum kjörum. Í janúar 1975 var boðað til láglaunaráðstefnu þar sem samþykkt var að skora á konur að leggja niður vinnu í einn dag. Þessi fundur hafði þær afleiðingar að konum óx ásmegin í verkalýðshreyfingunni og urðu nokkrar forystukonur mjög áberandi á næstu árum enda voru sérfélög kvenna þá enn til staðar innan Alþýðusambands Íslands, svo sem Sókn, Framsókn og Framtíðin. Á lágulaunaráðstefnunni birtist t.d. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir á sviði þjóðmálanna en hún átti eftir að slá eftirminnilega í gegn með ræðu sem hún flutti blaðlaust á Lækjartorgi 24. október. Ræðu hennar er að finna í bókinni. Aðalheiður var kjörin maður ársins 1975 í dagblaðinu Vísi og síðar lá leið hennar inn á Alþingi eftir að hún hafði verið verkalýðsforingi um árabíl.

Hildur nýtir sér efni sem birtist á svokallaðri rauðsokkasíðu í Þjóðviljanum til að varpa ljósi á umræðuna á þessum árum en þar hélt Vilborg Harðardóttir á penna og ritstýrði. Margt forvitnilegt var rætt allt frá orðum sem notuð voru um konur til frjálsra fóstureyðinga sem voru mikið baráttumál á þessum tíma. Þarna fá raddir kvenna að hljóma og það er athyglisvert að skoða hvernig umræðan fór fram – hvernig sú orðræða var sem þá átti sér stað. Hildur rekur sögu kvennaársins í gegnum myndasöguna og greinar sem voru skrifaðar bæði á kvennaárinu og síðar þegar það var gert upp allt til ræðu sem Vilborg Harðardóttir flutti árið 2000. Sjálfum kvennafrídeginum eru gerð ítarleg skil bæði í myndum og máli. Það er reyndar eitt það skemmtilega við bókina hve vel og mikið hún er myndskreytt fyrir utan sjálfa myndasöguna sem er bindiefnið í bókinni. Myndirnar segja sína sögu um alla þá vinnu sem lá að baki og þann mikla fjölda sem nýtti kvennafríið til að sýna styrk kvenna og þýðingu þeirra fyrir atvinnulífið sem lamaðist þennan dag.

Það má segja að *Ég þori, get og vil* sé einskonar minningabók þar sem raddir kvennaársins leiða okkur áfram í þeirri sögu sem verið var að skapa um leið og þætti Vilborgar eru gerð skil. Þeir sem þekkja til sögu rauðsokkahreyfingarinnar vita að Vilborg var mjög virk og áhrifamikil innan hennar. Hún var femínisti og sósíalisti og bar kjör lágulaunakvenna svo sannarlega fyrir brjósti. Bókin er auðvitað til orðin til að minnst hennar í tengslum við sögulegt afmæli. Þótt hlutur Vilborgar sé stór er þó alveg ljóst af bókinni að kvennafrídagurinn var sameignlegt átaka margra kvenna sem lögðu nótt við dag til að hann yrði að veruleika.

Bók Hildar er afar falleg að mínum dómi, litrík og skemmtilega upp sett, mjög í anda þess sem tíðkaðist meðan rauðsokkahreyfingin var og hét en þann stíl má m.a. sjá á rauðsokkasíðum Þjóðviljans. *Ég þori, get og vil* á eftir að nýtast bæði við kennslu og ritgerðasmíð vegna þeirra heimilda sem er að finna í henni. Það verður örugglega gripið til hennar þegar við minnumst atburða í sögu íslenskra kvenna. Þá verður hún ekki síður gagnleg við að skoða hvernig femínisk umræða hefur þróast og hvað hefur breyst á þeim 30 árum sem liðin eru frá fundinum mikla á Lækjartorgi 24. október 1975.